

131. löggjafarþing 2004–2005.
Þskj. 714 — 410. mál.

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um unga vímuefnaneytendur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra leysa þann vanda sem skipast af því að sjúkrahúsið Vogur getur ekki innritað sjúklinga yngri en 16 ára árið 2005 vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar?

Í gildi er þjónustusamningur við SÁÁ frá 29. október 2002 um margs konar þjónustu tengda meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga. Hefur enginn niðurskurður verið á framlagi til þeirrar starfsemi, og engar breytingar gerðar á framkvæmd þjónustusamningsins og stendur hann óbreyttur.

Árið 2005 greiðir ráðuneytið 471,3 millj. kr. í rekstur þessarar starfsemi, auk fjárfestingarstyrks að upphæð 20 millj. kr.

SÁÁ hefur tilkynnt að það muni grípa til aðhaldsaðgerða vegna rekstrarvanda á árinu, þar á meðal að innrita ekki börn yngri en 16 ára. Þessum börnum mun hér eftir sem hingað til verða sinnt á öðrum heilbrigðisstofnunum, svo og hjá Barnaverndarstofu og stofnunum á hennar vegum.